

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2026

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2026

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Yfirlit um aðra heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-11

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um aðra heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársrhlutaeikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 31. ágúst 2026

Endurskoðun BT ehf.

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun. Samstæðan vinnur fiskafurðir á sjó og rak á tímabilinu einn frystitogara, Guðmund í Nesi RE-13. Félagið framleiðir frystar fiskafurðir til útflutnings með áreiðanleika, virðingu, gæði og ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar að leiðarljósi.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur hefur að geyma árshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. og þriggja dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Dótturfélög eru Sirion Seafood ApS, ÚR Innovation ehf. og Sirion Seafood Iceland ehf.

Rekstur, fjárhagsleg staða og horfur

Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðunnar af sölu afurða til útflutnings á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2026 námu 45,3 milljónum evra (1.janúar til 30.júní 2025: 39,6 milljón evra). Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nam 21 milljón evra á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2026 (1.janúar til 30.júní 2025: 257,3 þúsund evrum). Breyting á hagnaði frá fyrra tímabili skýrist einkum af sölu á eignarhlut í Brim hf. að nafnverði 35 milljónir króna á tímabilinu og auknum hlutdeildartekjum í Brim hf. Hagnaður Brims jókst milli ára, vegna góðrar loðnuvertíðar og hagstæðrar verðþróunar á bolfiskafurðum á alþjóðamörkuðum.

Efnahagsreikningur

Eignir samstæðunnar í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi námu 571,5 milljónum evra (31.12.2025: 539,4 milljón evra) og skuldir námu 259 milljónum evra (31.12.2025: 239 milljónir evra). Bókfært eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins nam 312,5 milljónum evra (31.12.2025: 300,4 milljónir evra). Eiginfjárhlutfall samstæðunnar nam 54,7% í lok tímabilsins samanborið við 55,7% í árslok 2025.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn sé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2026, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2026. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að skýrsla stjórnar gefi glögg yfirlit yfir árangur í rekstri samstæðunnar, þróun og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. staðfestir hér með samstæðuárshlutareikning félagsins 1.janúar til 30.júní 2026 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2026

Í stjórn

Guðmundur Kristjánsson
Stjórnarformaður

Hjálmar Þór Kristjánsson
stjórnarmaður

Rebekka Guðmundsdóttir
stjórnarmaður

Runólfur Viðar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Rekstrartekjur	5	45.339.348	39.640.833
Kostnaðarverð seldra vara	5	(40.528.697)	(35.939.759)
Framlegð		4.810.651	3.701.075
Aðrar tekjur og söluhagnaður	5	333.219	253.727
Annar rekstrarkostnaður	5	(1.801.979)	(1.732.971)
Rekstrarhagnaður		3.341.891	2.221.831
Áhrif hlutdeildarfélaga	6	25.084.828	4.360.815
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(8.633.447)	(7.389.056)
		16.451.381	(3.028.241)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		19.793.272	(806.410)
Tekjuskattur		1.204.676	1.063.709
Hagnaður tímabilsins		20.997.948	257.299

Yfirlit um aðra heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2026

Hagnaður tímabilsins	<u>20.997.948</u>	<u>257.299</u>
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:		
Liðir sem síðar kunna að verða færðir í rekstrarreikning		
Þýðingarmunur vegna dóttur-og hlutdeildarféлага	126.960	102.723
Hlutdeild í þýðingarmun og áhættuvörn hlutdeildarféлага	<u>1.283.901</u>	<u>(1.253.572)</u>
	<u>1.410.861</u>	<u>(1.150.849)</u>
Liðir sem munu ekki verða síðar færðir í rekstrarreikning		
Gangvirðisbreyting eignarhluta og hlutdeildarfélags	<u>(406.011)</u>	<u>358.746</u>
	<u>(406.011)</u>	<u>358.746</u>
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals	<u>1.004.850</u>	<u>(792.103)</u>
Heildarafkoma tímabilsins	<u><u>22.002.798</u></u>	<u><u>(534.804)</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

Eignir	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Fastafjármunir			
Fiskveiðiheimildir		132.456.824	132.456.824
Varanlegir rekstrarfjármunir		26.829.816	28.547.918
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	6	336.619.920	340.636.914
Eignarhlutar í öðrum félögum		15.441.784	12.685.348
		<u>511.348.344</u>	<u>514.327.004</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		4.614.120	1.317.264
Viðskiptakröfur		5.476.060	12.161.530
Kröfur á tengd félög	7	2.713.544	726.755
Aðrar skammtímakröfur		716.016	795.774
Handbært fé		46.646.106	10.091.936
		<u>60.165.846</u>	<u>25.093.259</u>
Eignir		<u>571.514.190</u>	<u>539.420.263</u>
Eigið fé og skuldir		30.6.2026	31.12.2025
Eigið fé			
Hlutfé		4.973.522	4.973.522
Annað bundið eigið fé		192.666.193	188.908.595
Óráðstafað eigið fé		114.901.999	106.556.802
Eigið fé		<u>312.541.714</u>	<u>300.438.919</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi skuldir	8	160.458.009	155.439.853
Tekjuskattsskuldbinding		26.977.171	28.379.920
		<u>187.435.180</u>	<u>183.819.773</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	8	45.240.778	43.174.470
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		21.767.710	9.430.221
Ógreiddir reiknaðir skattar		117.846	316.017
Skuldir við tengd félög	7	4.410.962	2.240.864
		<u>71.537.296</u>	<u>55.161.571</u>
Skuldir		<u>258.972.476</u>	<u>238.981.344</u>
Eigið fé og skuldir		<u>571.514.190</u>	<u>539.420.263</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30.júní 2026

	Skýr.	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		3.341.891	2.221.831
Afskriftir		1.102.201	940.043
Söluhagnaður fastafjármuna		(23.986)	(30.644)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		4.420.106	3.131.231
Vörubirgðir, (hækkun)		(3.297.210)	(1.290.005)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		6.864.275	(485.196)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		7.658.278	6.202.951
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		15.645.449	7.558.981
Innborgaðir vextir og arður		172.786	20.002
Greiddir vextir og gengismunur		(5.320.728)	(5.575.720)
Greiddur tekjuskattur		(128.119)	(563.733)
Handbært fé frá rekstri		10.369.387	1.439.530
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt aflahlutdeild*			(26.168.877)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir			(166.352)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		639.886	74.258
Arður frá hlutdeildarfélagi		12.539.782	8.840.346
Sala á eignarhlut í hlutdeildarfélagi		21.478.382	
Keyptur eignarhlutur í hlutdeildarfélagi		(3.964.867)	
Keyptur eignarhlutur í öðrum félögum		(2.616.187)	(4.614.015)
Hækkun á kröfum á tengd félög		(2.570.154)	
		25.506.842	(22.034.640)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	9	(4.950.000)	
Afborganir langtímaskulda		(20.149.928)	(3.872.315)
Nýjar langtímaskuldir		21.805.556	
Ný víxilútgáfa, breyting		1.806.521	1.563.046
Hækkun á skuldum við tengd félög		2.170.098	
		682.247	(2.309.269)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		36.558.476	(22.904.379)
Handbært fé í upphafi árs		10.091.936	35.194.355
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		(4.302)	(1.205)
Handbært fé í lok tímabils		46.646.106	12.288.767

* Greiðsla á eftirstöðvum kaupverðs á krókaflaheimildum frá 2024.

Yfirlit um eigið fé 30. júní 2026

		Annað bundið eigið fé						
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Bundinn eiginfjár- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1. janúar til 30. júní 2025								
Eigið fé 1. janúar 2025	4.973.522	89.896.750	1.282.083	(407.362)	(893.944)	83.568.885	106.667.397	285.087.331
Hagnaður tímabilsins.....							257.299	257.299
Hlutdeild í eiginfj.liðum hlutf.félags.....				(76.053)	(1.718.681)	465.109		(1.329.625)
Gangvirðisbreyting eignarhluta.....				434.799				434.799
Þýðingarmunur.....					102.723			102.723
Heildarafkoma tímabilsins.....				358.746	(1.615.958)	465.109	257.299	(534.804)
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....						(3.519.966)	3.519.966	0
Greiddur arður, 0,35 kr. á hlut.....							(1.500.000)	(1.500.000)
Eigið fé 30. júní 2025	4.973.522	89.896.750	1.282.083	(48.616)	(2.509.902)	80.514.028	108.944.666	283.052.531
1. janúar til 30. júní 2026								
Eigið fé 1. janúar 2026	4.973.522	89.896.750	1.282.083	(368.200)	(4.016.554)	102.114.516	106.556.802	300.438.919
Hagnaður tímabilsins.....							20.997.948	20.997.948
Hlutdeild í eiginfj.liðum hlutf.félags.....				(546.260)	887.339	414.044	(17.482)	737.641
Gangvirðisbreyting eignarhluta.....				140.249				140.249
Þýðingarmunur.....					126.960			126.960
Heildarafkoma tímabilsins.....				(406.011)	1.014.299	414.044	20.980.466	22.002.798
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....						2.735.266	(2.735.266)	
Greiddur arður, 1,15 kr. á hlut.....							(9.900.000)	(9.900.000)
Eigið fé 30. júní 2026	4.973.522	89.896.750	1.282.083	(774.211)	(3.002.255)	105.263.826	114.901.999	312.541.714

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fiskislóð 14, 101 Reykjavík.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi félagsins og dótturfélaga þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun.

Árshlutareikningur þessi hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann er samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar árið 2025. Hægt er að nálgast ársreikning samstæðunnar á vef þess á www.urseafood.is.

Samstæðuárshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

4. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á innri upplýsingagjöf og skipulagi samstæðunnar. Samstæðan skiptist í tvo starfspætti, Útgerð & sala sjávarafurða og Fjárfesting í sjávarútvegi.

1.janúar til 30.júní 2026

	Útgerð & sala sjávarafurða	Fjárfesting í sjávarútvegi	Samtals
Rekstrartekjur	45.339.348		45.339.348
Kostnaðarverð seldra vara	(40.528.697)		(40.528.697)
Framlegð	4.810.651		4.810.651
Aðrar tekjur og söluhagnaður	333.219		333.219
Annar rekstrarkostnaður	(988.535)	(813.444)	(1.801.979)
Rekstrarhagnaður	4.155.335	(813.444)	3.341.891
Áhrif hlutdeildarféлага		25.084.828	25.084.828
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			(8.633.447)
Hagnaður fyrir skatta			19.793.272
Tekjuskattur			1.204.676
Hagnaður tímabilsins			20.997.948
Óefnislegar eignir	132.456.824		132.456.824
Varanlegir rekstrarfjármunir	26.829.816		26.829.816
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum		336.619.920	336.619.920
Eignarhluti í öðrum félögum	2.701.482	12.740.302	15.441.784
Óskiptar eignir			75.607.630
Óskiptar skuldir			(258.972.476)

5. Starfspáttayfirlit (frh.)

1.janúar til 30.júní 2025

	Útgerð & sala sjávarafurða	Fjárfesting í sjávarútvegi	Samtals
Rekstrartekjur	39.640.833		39.640.833
Kostnaðarverð seldra vara	(35.939.759)		(35.939.759)
Framlegð	3.701.075		3.701.075
Aðrar tekjur og söluhagnaður	253.727		253.727
Annar rekstrarkostnaður	(1.012.213)	(720.758)	(1.732.971)
Rekstrarhagnaður	2.942.588	(720.758)	2.221.831
Áhrif hlutdeildarféлага		4.360.815	4.360.815
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			(7.389.056)
Hagnaður (tap) fyrir skatta			(806.410)
Tekjuskattur			1.063.709
Hagnaður tímabilsins			257.299

Útgerð og sala sjávarafurða

Til tekna hjá útgerð og sölu sjávarafurða telst sala útgerðar og söluþyrntækis á sjávarafurðum sem og kvótaleiga en kostnaður samanstendur fyrst og fremst af hráefniskostnaði og rekstri frystitogara s.s. laun og launatengd gjöld sjómanna, veiðarfæri, veiðigjöld og olía sem og stjórnunarkostnaði.

Fjárfesting í sjávarútvegi

Um er að ræða fjárfestingu í félögum í sjávarútvegi. Tekjur fela fyrst og fremst í sér hlutdeild í afkomu og gjöld samanstanda af stjórnunarkostnaði.

6. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum:

		Bókfært verð		Hlutdeild í afkomu	
Eignarhlutur		30.6.2026	31.12.2025	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Brim hf.	42,17%	323.684.554	330.618.867	26.332.129	4.741.209
OK eignarhaldsfélag ehf.	30,70%	8.810.878	5.486.501	(753.594)	(35.664)
Zym Ice ehf.	40,00%	4.124.488	4.531.546	(493.707)	(344.730)
		336.619.920	340.636.914	25.084.828	4.360.815

Á tímabilinu seldi félagið 35 milljónir hluta að nafnverði í Brim hf. á genginu 88. Söluandvirði nam samtals 21,5 milljón evra. Meðal hlutdeildarafkomu af fjárfestingu félagsins í Brim hf. á tímabilinu eru færðar hlutdeildartekjur að fjárhæð 18,4 milljónir evra og söluhagnaður af framangreindri sölu að fjárhæð 7,9 milljónir evra.

Eignarhlutur í Brim hf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í reikningsskilum Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. Bókfært verð eignarhlutarins í lok tímabilsins nemur 323,7 milljónum evra en skráð markaðsverð hlutarins nemur 512,7 milljónum evra á reikningsskiladegi. Nánari upplýsingar um rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu Brim hf. má finna í árshlutareikningi félagsins á www.brim.is.

Á tímabilinu keypti félagið hluti í OK eignarhaldsfélagi ehf. fyrir 3,9 milljónir evra og jókst eignarhlutur þess úr 25,21% í 30,7%.

7. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Staða og viðskipti milli fyrirtækisins og dótturfélaga þess, sem eru tengdir aðilar, hafa verið felld út við gerð samstæðu og eru því ekki tilgreind í skýringunni. Viðskipti milli samstæðunnar og aðila tengdum henni eru birt hér að neðan.

Viðskiptastöður við tengd félög	1.1.-30.6.2026		1.1.-30.6.2025	
	Keyptar eignir, þjónusta og afurðir	Sala eigna, þjónustu og afurða	Keyptar eignir, þjónusta og afurðir	Sala eigna, þjónustu og afurða
Brim samstæða	95.972	21.082.279	142.831	15.650.465
AP Group	28.275.469	116.583	22.543.111	85.793
Aðrir tengdir aðilar	17.858	651.351	33.380	
	<u>28.389.300</u>	<u>21.850.213</u>	<u>22.719.322</u>	<u>15.736.258</u>
Viðskiptastöður við tengd félög	30.6.2026		31.12.2025	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Brim samstæða	3.589.430		9.735.126	
AP Group		13.109.587		6.736.623
Aðrir tengdir aðilar	2.713.544	4.410.962	726.755	2.240.864
	<u>6.302.973</u>	<u>17.520.549</u>	<u>10.461.881</u>	<u>8.977.487</u>

Viðskiptastöður við samstæðu Brim og AP Group eru framsettar meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í samstæðuárshlutareikningi. Viðskiptastöður við aðra tengda aðila eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal krafna og skulda við tengda aðila.

8. Vaxtaberandi skuldir

Á meðal vaxtaberandi skammtímaskulda eru vaxtaberandi langtímalán sem nema um 28,7 milljónum evra sem koma til greiðslu á næstu 12 mánuðum auk víxilskuldar að fjárhæð um 16,5 milljón evra. Félagið hefur fjármagnað sig að hluta til með útgáfu víxla sem eru með gjalddaga eftir 3-6 mánuði frá útgáfu. Víxlaútgáfan hefur verið til skamms tíma og á gjalddaga hefur ný víxilútgáfa verið gefin út til endurfjármögnunar. Félagið hyggst halda áfram að hafa hluta fjármögnunar með þeim hætti auk þess sem það vinnur að endurfjármögnun fyrrnefndra vaxtaberandi langtímalána.

9. Önnur mál

Á aðalfundi félagsins var samþykkt að greiða hluthöfum allt að 9,9 milljón evra í arð vegna rekstrarársins 2025. Á reikningsskiladegi er helmingur af arðinum ógreiddur og er því færður sem skammtímaskuld í efnahagsreikningi.